



Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 27. árg.

Október 2012



Hin örugga höfn

Sama hve stór eða lítill báturinn er. Það skiptir okkur sem sitjum í bátnum máli hvaða stefna er tekin. Nokkur áhætta fylgir sjóferðum. Bátum getur hvolft, þeir geta strandað eða jafnvel rekið stjórlaust á haf út. Réttur búnaður og stefnufesta skipta máli. Og hvern dreymir ekki um örugga höfn að sjóferð lokinni?

Þjóðarskúturnni hefur nú um árabil verið siglt í gegnum djúpan öldudal. Brotsjórninn sem hún fékk á sig þegar bankarnir hrundu eins og spilaborgir, laskaði skútuna verulega. Áhöfnin er ekki söm, möstur brotin og vélaraflíð minna. Viðgerðir hafa staðið yfir og er vonast eftir því að þeim fari að ljúka.

Margir í áhöfninni þrá ekkert heitar en að okkur takist nú að sigla þjóðarskúturnni í örugga höfn. Almennir áhafnar meðlimir jafnt sem þau sem eru í brúnni hafa hvatt til þess að við tökum höndum saman og kveðjum kæruleysi, sjálfselsku, vankunnáttu, samskiptaleysi og hvaðeina sem veldur stórtækum truflunum fyrir siglingartæki skútunnar. Sumir sprýja: Er höfnin örugg? Þeir benda á að hin óblíðu veðurátök hafi grafið undan stólpunum sem forfedeður okkar komu mis haganlega fyrir.

Með þennan öldudal vonandi að baki erum við beðin um að ganga til atkvæðagreiðslu um þær grundvallarreglur sem gilda um hina öruggu höfn fyrir þjóðarskútuna. Sú höfn ber heitið lýðveldi og þær reglur nefnast stjórnarskrá. Okkur er falið vandasamt verk og væntanlega sýnist hér sitt hverjum. Spurt er: „Hvaða umgjörð viljum við um hina öruggu höfn?“

Ein af þeim spurningum sem við erum beðin um að svara hljóðar svo: „*Vilt þú að i nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?*“ Því þarf hver og einn að svara fyrir sig, en hér skal upplýst að við sem sitjum á Kirkjuþingi sendum nýverið frá okkur eftirfarandi ályktun:

Þjóðin mun ganga til atkvæðagreiðslu þann 20. október næstkomandi um eftirfarandi spurningu: „Vilt þú að i nýrri stjórnarskrá Íslands verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“

Aukakirkjuþing, haldið 1. september 2012, hvetur kjósendur til að minnast þess að hin evangélska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norrænna þjóða. Þjóðkirkjan er opin, lýðræðisleg almannabreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um land allt. Hún er því mikilvæg grunnstöð íslensks samfélags. Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.

Þeim sem vilja kynna sér málið frekar er bent að upplýsingavef þjóðkirkjunnar. Vefsloðin er www.kirkjan.is/stjornarskra

Fyrir okkur í Glerárkirkju verðum áfram eitt af aðalverkefnum, hvort heldur það er í helgihaldi sunnudagsins, á fyrirbænastundum í hádeginu á miðvikudögum eða við önnur tæki-færi að biðja í Jesú nafni fyrir manneskjum um víða veröld og þjóðarskútum þeirra.

**Pétur Björgvin Þorsteinsson,
djákni í Glerárkirkju og Kirkjuþingsfulltrúi**



Dagskráin er fjölbreytt í unglingastarfinu.

UD GLERÁ

Um 50 unglings hafa verið að mæta að jafnaði í unglingastarfið í haust, en sú nýbreytni var tekin upp að nú er um samstarfsverkefni að ræða við KFUM og KFUK og fer starfið fram í félagsheimili þeirra í Sunnuhlíð. Starfið er opíð krókkum úr áttunda bekk og eldri. Umsjón með starfinu hafa Jóhann (699 4115) og Pétur Björgvin (864 8451).

Fundir í unglingadeild eru haldnir í hverri viku í Sunnuhlíð og við vonum að þér finnist dagskrá haustsins spennandi. Á hverjum fundi gerum við eitthvað skemmtilegt saman og svo er fræðsla eða hugvekja út frá boðskap Bíblíunnar. Húsið opnar kl. 19:30.

Fimmtudagskvöldið 11. október mun hópurinn hittast til að undirbúa heimsmet því að Ísland er eitt af 40 löndum sem tekur þátt í heimsáskorun KFUM og

KFUK sem fram fer laugardaginn 13. október. Mega Akureyringar eiga von á því að krakkar úr starfinu verði á vegi þeirra með körfu á bakinu og biðji fólk um að skjóta á körfuna.

Ef allt fer samkvæmt áætlun mun viðburðurinn rata í heimsmetabók Guinnes því aldrei áður hafi jafnmargir skotið á körfu í tengslum við einn og sama viðburðinn áður.

Foreldramorgnar nú á þriðjudögum

Sú breyting hefur verið gerð á dagskrá Glerárkirkju að foreldramorgnar eru nú á þriðjudagsmorgnum. Þangað er foreldrum, forráðafólk, já, öfum og ömmum með ung börn boðið. Dagskráin samanstendur fyrst og fremst af samtali í notalegu umhverfi þar sem veitinga er notið af morgunverðarhláðborði. Á meðan sofa börnin úti eða inni í vagni eða

leika sér á gólfínus. Mjög gott aðgengi og aðstaða er í safnaðarsal Glerárkirkju fyrir hópa sem þennan og öll þau sem það vilja þiggja hjartanlega velkomin.

Umsjón með foreldramorgnum hefur sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og gefur hún nánari upplýsingar í síma 464 8802 eða 864 8456.

Innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins – Tekið á móti umsóknum í Glerárkirkju

Hjálparstarf kirkjunnar veitir bágstöddum um allt land aðstoð, árið um kring. Félagsráðgjafi veitir innanlandsdeild Hjálparstarfsins forstöðu en tveir félagsráðgjafar eru starfandi hjá stofnuninni. Tekið er á móti fólk sem sækir um og þeim veitt ráðgjöf og ýmis aðstoð eftir aðstæðum fyrir hönd Hjálparstarfsins í Glerárkirkju á viðtalstímum presta, þriðjudaga til föstudaga milli 11:00 og 12:00.

Barnafjölskyldur sem og einstaklingar geta fengið inneign-

arkort í matvöruverslunum. Allir geta sótt um aðstoð við að leysa út lyf (ekki þríhyrningsmerkt lyf), fengið stuðning við skólagöngu og tómstundir barna.

Varðandi fatnað vísum við alla jafna á Rauða Krossinn og Hjálpræðisherinn. Okkar hlutverk í Glerárkirkju er m.a. að koma útfylltum umsóknum til Hjálparstarfsins. Öllum umsóknum þurfa að fylgja gögn sem sýna fram á tekjur og gjöld viðkomandi.



Kristin trú

Fræðslukvöldin í Glerárkirkju í október og nóvember bera að þessu sinni yfirschriftina „*Hvað er kristin trú?*“ og er fræðslan byggð á samnefnri bók eftir Halvor Moxnes sem kom út í þýðingu sr. Hreins Hákonarsonar hjá Skálholtsútgáfumni á síðasta ári. Fræðslukvöldin verða á miðvikudagskvöldum kl. 20:00 - 22:00.

Að loknu inngangserindi málshefjanda er kaffihlé og síðan taka við umræður og eru þáttakendur hvattir til virkrar þáttöku, þó vissulega sé líka velkomið að sitja hljóður og hlusta.

Fræðslukvöldin eru samstarfsverkefni Eyjafjarðar- og Þingeyjarþrófastsdæmis og Glerárkirkju. Umsjón með kvöldunum hafa sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur og Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju. Aðgangur er ókeypis. Óþarfi er að skrá sig og velkomið að sækja stök kvöld, en fólk hvatt til að mæta eins oft og það hefur tök á. Hin síðustu ár hafa konur og karlar úr hinum ýmsu söfnuðum, trúað fólk og efasemdumenn, ungrir og gamlir, já, fólk af öllum gerðum, sótt fræðslukvöldin í Glerárkirkju og vonumst við til þess að hópurinn í haust verði litríkur og fjölbreyttur. Gaman væri að sjá þig í þeim hópi!

Dagskrá kvöldanna má finna á baksíðu safnaðarblaðsins og á vef kirkjunnar glerarkirkja.is



Unga fólkid sem sér um sunnudagaskólan var nýverið á námskeiði um sunnudagaskólastarf. Leiðbeinandi var Magnea Sverrisdóttir, djákni (t.v. á myndinni).

Blómlegur barnakór

Starfið í Barnakór Glerárkirkju fer vel af stað í haust undir stjórn Marínu Óskar Þórólfssdóttur og Rósu Ingibjargar Tómasdóttur. Mæting á æfingar hefur verið frá 20 og allt upp í 40 börn og gleðin skinið úr hverju andliti.

Framundan er spennandi dagskrá og vel pess virði að vera með í þessu ókeypis tómstundarstarfi! Æfingar barnakórs eru á miðvikudögum kl. 15:30. Æfingar æskulýðskórs eru á miðvikudögum kl. 16:30. Kórstjóri er Marína Ósk Þórólfssdóttir og gefur hún nánari upplýsingar í síma

847 7910. Netfang hennar er marina.osk.thorolfs@gmail.com.

PÁTTAKA Í KÓRUNUM ER ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR.

Æskulýðskór Glerárkirkju er opinn öllum strákum og stelpum úr sjötta bekk og eldri. Barnakór Glerárkirkju er opinn öllum strákum og stelpum úr öðrum til fimmtra bekk. Fjölbreytt dagskrá er framundan, m.a. bíókvöld, æfingabúðir, söngkvöld og fleira.

Kvenfélagið Baldursbrá

Nú er vetrarstarfið hafið og eru félagsfundir haldnir þriðja fimmtudag í mánuði kl. 19:30 og reynum við að vera með bæði skemmtun og fróðleik þar. Aðra fimmtudaga hittast konur kl 19:00 og gera handavinnu og eru nýir félagar ávallt velkommrir. Fundirnir eru í salnum niðri gengið inn að norðan.

Markmið félagsins er að vinna að mannúðarmálum og starfsemin hjá okkur gengur aðallega út á það að afla fjár sem síðan er gefið til góðra málefna. En til þess þarf margar góðar og fórnfúsar hendur.

Ég vil minna á heimasíðuna um félagið inn á vef Glerárkirkju undir Baldursbrá og einnig Facebook síðuna.

Sveina Páls formaður,
sveinap@simnet.is



Frá Kór Glerárkirkju

Nú er vetrarstarfið að hefjast og við tökum fagnandi á móti söngfólk í allar raddir. Sérstaklega myndum við fagna söngglöðum körlum. Nótalæsi er æskilegt en


ekki skilyrði. Áhugasamir hafi samband við Valmar Väljaots í síma **853 8001** eða sendi tölvupóst á netfangið valmar@glerarkirkja.is.

Gönguhópur

Á mánuðögum er boðið upp á gönguhóp í Glerárkirkju. Lagt er af stað frá Glerárkirkju kl. 16:30 og gengið upp í Lögmannshlíðarkirkju. Þar gefst tækifæri til að fá sér heitan drykk en einnig er sest niður í kirkjunni og höfð stutt helgistund.

Öll þau sem áhuga hafa eru velkomin í gönguhópinn. Áætlað er að hópurinn verði kominn til baka að Glerárkirkju kl. 18:30.

Umsjón með gönguhópnum hafa hjónin Regína B. og Pétur Björgvin Þorsteinsson. Nánari upplýsingar gefur Pétur í síma **864 8451**.



Helgihald í Glerárkirkju

Sunnudagur, 7. október

- ★ 11:00 Fjölskylduguðspjónusta.
- Barna- og Æskulýðskór Glerárkirkju syngur.
- ★ 20:00 Kvöldmessá. Kór Glerárkirkju syngur.

Sunnudagur 14. október

- ★ 11:00 Barnastarf og messa.
- Sameiginlegt upphaf í messu.

Sunnudagur 21. október

- ★ 11:00 Barnastarf og messa.
- Sameiginlegt upphaf í messu.
- ★ 20:00 Kvöldguðspjónusta.

Sunnudagur 28. október

- ★ 11:00 Barnastarf og messa.
- Sameiginlegt upphaf í messu.
- ★ 20:00 Fundur með foreldrum fermingarbarna

Sunnudagur 4. nóvember

- ★ 11:00 Fjölskylduguðspjónusta.
- Barna- og Æskulýðskór Glerárkirkju syngur.
- ★ 20:00 Kvöldmessá. Kór Glerárkirkju syngur.
- ★ Fundur með foreldrum fermingarbarna að messu lokinni.

Sunnudagur 11. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa.
- Sameiginlegt upphaf í messu.

Sunnudagur 18. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa.
- Sameiginlegt upphaf í messu.
- ★ 20:00 Kvöldguðspjónusta.

Sunnudagur 25. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa.
- Sameiginlegt upphaf í messu.

Hvað er kristin trú?

Á miðvikudagskvöldum kl. 20:00

Í safnaðarsal Glerárkirkju.

Fræðsla

JESÚS KRISTUR

- 10. október:** Jesús sögunnar - Kristur trúarinnar
Málshefjandi: *Sr. Hreinn Hákonarson*,
fangaprestur.

BIBLÍUTÚLKUN

- 17. október:** Biblía: Texti og túlkun
Málshefjandi: *Sr. María Ágústsóttir*,
verkefnastjóri á Biskupsstofu.

GUÐSHUGMYNDIR

- 24. október:** Guðsmynd og mannskilningur
Málshefjandi: Þórgnýr Dýrfjörð, heimspekingur.

SJÁLFSSKILNINGUR

- 31. október:** Siðfræði og sjálfsmynnd
Málshefjandi: *Frú Solveig Lára Guðmundsdóttir*, víglubiskup á Hólum í Hjaltadal.

TRÚFÉLAGIÐ

- 7. nóvember:** Sýn og skipulag
Málshefjandi: *Dr. Gunnlaugur A. Jónsson*, professor við guðfræðideild Háskóla Íslands.

KYNIN

- 14. nóvember:** Kristin trú og kyn
Málshefjandi: *Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir*, soknarprestur í Hrísey.

SKÖPUNIN

- 21. nóvember:** Kristin trú og stjórnsmál
Málshefjandi: *Höskuldur Þórhallsson*, alþingismaður.

HNATTVÆÐINGIN

- 28. nóvember:** Kristin trú í hnattvæddum heimi
Málshefjandi: *Jónas Pórisson*, framkvæmdastjóri Hjálpstarfs kirkjunnar.

Munið hádegissamverurnar alla miðvikudaga kl. 12:00.

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni **þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00** og **eftir samkomulagi**. Símar: **464 8808** (í kirkju), **462 7676** (heimi) og **864 8455** (gsm). Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni **þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00** og **eftir samkomulagi**. Símar: **464 8802** (í kirkju), og **864 8456** (gsm). Netfang: arna@glerarkirkja.is

Petur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: **464 8807** (í kirkju) og **864 8451** (gsm). Netfang: petur@glerarkirkja.is

Starfsfólk Glerárkirkju

Umsjónarmaður er **Sverrir Pálason**. Hann er við á virkum dögum **kl. 11:00-16:00**. Símar: **464 8803** (í kirkju), **462 2491** (heimi) og **864 8453** (gsm). Netfang: sverrir@glerarkirkja.is

Organisti er **Valmar Väliaots**. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: **464 8804** (í kirkju) og **853 8001** (gsm).

Netfang: valmar@glerarkirkja.is

Kirkjuverðir eru **Sigríður Albertsdóttir**, gsm **847 9025**

og **Jón Oddgeir Guðmundsson**, gsm **894 4301**.

Umsjón með eldhúsi hefur **Sigurðs Anna Gísladóttir**, gsm **848 6440**.

Upplýsingar um annað starfsfólk Glerárkirkju er að finna á www.glerarkirkja.is

